

Tölfræði I (09.10.45)

Vikublað 10

Efni:

Við höfum nú skilgreint hvað er átt við með tölfræðiprófi (test function), styrk prófsins (power), búin með Neyman-Pearson lemma (8.3.2) ásamt UMP og endum væntanlega kafla 8 með því að taka 8.3.4 (P-gildi) ásamt dæmum, föstudaginn 26/3.

Athugið að við sleppum talsverðu í kafla 8 (aðalatriðið er ofangreint - og svo "test function" sem er lítið notað í kafla 8 en auðveldar málið: $\phi(x) = 1$ ef hafnað en 0 annars). Þannig höfum við nú sleppt 8.2.2, 8.2.3, 8.3.3, 8.3.5.

Dæmi

Í dæmatímanum reiknið þið áfram dæmin. Sjá nánar úthlutun í tölvupósti og á vefsíðu námskeiðsins. Við reynum að taka sem flest dæmi í kafla 8:

1, 2, 3, 4, 13, 15, 16, 17, 18, 19, 24, 38, 39, 41.

Við verðum í meira en einn dæmatíma með þessi dæmi - tókum e.t.v. einhver þeirra á föstudeginum og einhver í vikunni á eftir.

Skiladæmi: 8.12 – gerið þetta í R með $\sigma^2 = 1$. Reiknið um leið P-gildið í hverju tilviki, ef útkoman er $\bar{x} = 0.5$. Skilið í hólfíð fyrir föstudaginn 2. apríl, eða sem pdf skjal í tölvupósti.